

Ár 2017, mánudaginn 13. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör
forstjóra Hörpu tónlistar- og
ráðstefnuhúss ohf.**

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Með bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 29. júní 2016 var kjararáð upplýst um 54% eignarhlut ríkisins í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. heyrir undir kjararáð.

II.

Með bréfi dagsettu 7. júlí 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna væntanlegrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör forstjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfi dagsettu sama dag var stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins auk þess sem óskað var eftir upplýsingum um núverandi starfskjör forstjórans. Þá var forstjóranum með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir upplýsingum um núverandi starfskjör.

Í svari forstjórans dagsettu 8. ágúst 2016 segir að velta Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. hafi á árinu 2015 numið 2.305 milljónum króna. Rekstur Hörpu hafi frá opnun átt á brattann að sækja en mikill árangur hafi náðst á þeim fimm árum sem húsið hafi verið opið. Starf forstjóra krefjist mikillar viðveru og sýnileika, meðal annars vegna fjölda viðburða í húsinu og mikils áhuga fjölmíðla á starfsemi, en á sjöunda hundrað tónleika hafi verið haldnir í húsinu á árinu 2015 og á fjórða hundrað annars konar viðburða. Í ljósi eignarhalds á húsinu séu af því ríkir almannahagsmunir að húsið nýtist sem best. Þá kemur fram að mörg fyrirtæki hafi starfsemi í húsinu með sérstökum samningum við félagið. Bréfi forstjórans fylgdi ráðningarsamningur. Samkvæmt honum fær forstjóri greidd föst laun. Auk launa er í samningnum fjallað um orlof, veikindarétt, ferðakostnað, tryggingar og greiðslur í lífeyrissjóð. Félagið greiðir kostnað vegna farsíma, tölvu og tölvutengingar á heimili forstjóra. Þá greiðir félagið eitt bílastæði í bílakjallara Hörpu. Fram kemur að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé níu mánuðir. Í ráðningarsamningi segir einnig að forstjóri annist daglegan rekstur í umboði stjórnar. Hinn daglegi rekstur taki ekki til ráðstafana sem séu óvenjulegar, mikils háttar eða feli í sér stefnubreytingu í rekstri Hörpu. Slíkar ráðstafanir geti forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild stjórnar. Þá segir að forstjóri beri ábyrgð á allri starfsemi og rekstri Hörpu, þar með talið fjármálum, sölu- og markaðsmálum, tæknimálum, framkvæmdum og starfsmannahaldi. Hann sjái um samninga við viðskiptavinum Hörpu og samninga við starfsmenn. Forstjóri skal ekki sitja í stjórnnum annarra fyrirtækja nema með sérstöku leyfi stjórnar. Við ákvörðun þar að lútandi skal fjalla um ástæður þess að forstjóri taki slíkt sæti og áhrif stjórnarsetunnar á félagið. Forstjóri má ekki taka að sér störf skyld starfsemi Hörpu, í samkeppni við hana eða sem geta valdið hagsmunaárekstrum. Sama gildir um störf sem eru svo umfangsmikil að mati stjórnar að þau muni hamla störfum forstjóra í þágu Hörpu.

Í svari stjórnar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. dagsettu 9. ágúst 2016 segir að eðli starfs forstjórans krefjist mikillar viðveru utan hefðbundins vinnutíma og mikilvægt að hann sé sýnilegur á þeim fjölmörgu atburðum sem þar fari fram. Fram kemur í bréfinu að forstjórinn sitji í stjórn dótturfélaga Hörpu auk Ráðstefnuborgarinnar Reykjavík og þiggi ekki laun fyrir þau störf.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 16. ágúst 2016 er vísað til eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem birt hafi verið 2. september 2009 en henni sé ætlað að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Í IV. kafla stefnunnar sé fjallað um kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi hlut í. Þar komi fram að með þessu sé átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfi á, en séu ekki leiðandi. Í

bréfi ráðuneytisins segir að þrátt fyrir að sérstaklega sé tilgreint að þessi stefnumörkun eigi við um fjármálafyrirtæki telji það rétt að horfa til þeirra meginsjónarmiða sem þar komi fram um kröfur og viðmið í rekstri, þar á meðal um laun stjórnenda. Þá eru í bréfinu rakin ákvæði 8. gr. laga um kjararáð og þær breytingar sem gerðar voru á lögum um kjararáð árið 2009 þegar ákvörðun um laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra var færð undir ákvörðunarvald ráðsins. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana þegar ákvarða eigi laun og starfskjör forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Með bréfi dagsettu 27. september 2016 fékk forstjóri Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og stjórnar félagsins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. er í eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Samkvæmt eigendastefnu þess er hlutverk Hörpu að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð mannlífs fyrir alla landsmenn í miðborg Reykjavíkur og áfangastaður ferðamanna innlendra og erlendra sem vilja kynna sér bygginguna, þjónustu í henni, arkitektúr og listaverk í húsinu. Markmið ríkis og Reykjavíkurborgar með byggingu og rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu er að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðapjónustu og stuðla að öflugu mannlífi í miðborginni. Markmiðin rækir félagið einkum með því að leigja út sali og rými til tónlistarviðburða, ráðstefnuhalds, funda og tengdrar starfsemi á samkeppnishæfu verði. Þá skal það standa fyrir samstarfsverkefnum og eigin verkefnum eftir því sem rekstur félagsins leyfir og skipuleggja aðra starfsemi í húsinu svo sem veitingarekstur og verslun til að laða að gesti og gangandi. Harpa skal standa opin ferðamönnum, innlendum sem erlendum, árið um kring. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fast aðsetur í Hörpu fyrir starfsemi sína og greiðir leigu fyrir aðstöðuna. Um rekstur hljómsveitarinnar fer eftir lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Íslenska óperan hefur jafnframt aðsetur í Hörpu fyrir starfsemi sína og greiðir leigu fyrir aðstöðuna.

Stjórn og stjórnendum Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. ber að gæta hagsmuna hússins í hvívetna. Stjórn félagsins starfar eftir þeim lögum og reglum sem gilda um opinber hlutafélög, er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eigendum. Hún hefur fyrir hönd eigenda sjálfstæða eftirlitsskyldu með rekstri og starfsemi félagsins. Stjórn félagsins skal hafa yfirsýn yfir starfsemina og veita stjórnendum eðlilegt aðhald. Stjórnin ber ábyrgð á að félagið starfi í samræmi við eigendastefnu, starfsreglur fyrir stjórn, fyrirliggjandi samninga og árangursviðmið eigenda. Forstjóri félagsins er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. Við ákvörðun launa hans hefur verið höfð hliðsjón af umfangi og verkefnum félagsins að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. skulu vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber